

## Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi

Grunnskólinn í Stykkishólmi er í samstarfi við Leikskólann í Stykkishólmi. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla.

### Upphaf skólagöngu

Á lokaári leikskólans koma nemendur í grunnskólann þrisvar sinnum í heimsókn. Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann. Síðar eru tvær skiptinemaheimsóknir. Þá koma leikskólanemendur í litlum hópum inn í 1. bekk og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara út í frímínútur. Á sama tíma fer hópur úr 1. bekk í heimsókn í leikskólann.

Í maí er öllum tilvonandi 1. bekkingum boðið upp á þriggja daga vorskóla. Nemendur mæta þá í skólann eftir hádegið og fá þá að kynnst helstu greinum skólastarfsins, hitta tilvonandi kennara sína og vinna að ýmsum spennandi verkefnum.

## Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms á sér langa sögu. Skólarnir deildu lengi sama húsnæði og samstarf kennara skólanna hefur oft verið náið. Það hefur verið grunnskólanum mikill fengur að geta leitað til tónlistarkennara við ýmis tækifæri.

Fullt hljóðfæra- eða söngnám við tónlistarskólann hafa nemendur í 8. – 10. bekk getað nýtt sem valgrein við grunnskólann og auk þess hafa nemendur átt kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma grunnskólans en þá með samþykki foreldra.

## Samstarf við aðra skóla

Skólinn og einstaka bekkir eiga samskipti af ýmsum toga við aðra skóla, innanlands og utan. Skólinn vill stuðla að slíkum samskiptum sem oftast eru bundin áhuga einstakra bekkja og kennara.

Nokkrir bekkir skólans eiga sér t.d. vinabekki í Kolding í Danmörku.

Það er ekki stefna skólans að samskipti sem stofnað er til með þessum hætti feli sjálfkrafa í sér ferðalög og gagnkvæmar heimsóknir. Ákvarðanir um slíkt verður að taka sameiginlega af nemendum, foreldrum og skólanum og hafa að leiðarljósi hvernig það fellur að skólastarfinu og möguleikum foreldra og nemenda og skólans til að fjármagna ferðirnar.

Skólinn hefur tekið þátt í Comeniusar-verkefni með skólum frá Finnlandi, Póllandi, Spáni og Ítalíu. Það verkefni náði yfir nokkur skólaár með þátttöku nemenda og kennara.

## Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi

Samstarf grunnskólanna á norðanverðu Snæfellsnesi á sér langa sögu og hefur færst í fastari skorður með stofnun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Fjölbautaskóla Snæfellinga. Skólastjórar funda nokkrum sinnum á vetri og hafa með sér samráð um ýmislegt í skólastarfinu, m.a. skóladagatal og símenntun starfsfólks. Þá hafa nemendur skólanna með sér samráð um félagsstarf og önnur samskipti.